

Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps varðandi leikskólavist utan gildandi þjónustusamnings.

Í gildi eru þjónustusamningar á milli Eyja- og Miklaholtshrepps og Sveitarfélagsins Stykkishólms er m.a. koma að leikskóla. Samningar þessir voru undirritaðir 10. maí 2023.

1. Gr.

Börn á leikskólaaldri með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi er tryggð skv. þjónustusamningi við Sveitarfélagið Stykkishólm aðgangur að leikskóla í Stykkishólmi.

2. Gr.

Óski forráðamaður leikskólabarns eftir því að barn fái að sækja leikskóla í öðru sveitarfélagi en þjónustusamningurinn við Sveitarfélagið Stykkishólm tekur á um, skal senda inn umsókn þess efnis á skrifstofu sveitarstjórnar fyrir 15. júní, ár hvert.

Oddviti afgreiðir umsóknir sem að falla undir þær reglur sem að hér eru settar en sé um afbrigði að ræða tekur sveitarstjórn umsóknina til afgreiðslu. Sé umsókninni synjað af sveitarstjórn skal henni svarað sem fyrst með rökstuðningi. Hljóti umsóknin jákvæða afgreiðslu sveitarstjórnar skulu forráðamenn senda afgreiðsluna ásamt umsókn um skólavist til þess sveitarfélags þar sem að óskað er eftir að nemandinn stundi nám.

Framangreindar dagsetningar eru meginregla þegar vitað er með löngum fyrirvara um óskir um leikskólavist utan þess sveitarfélags sem að Eyja- og Miklaholtshreppur hefur gert þjónustusamning við. Séu aðstæður þannig að ekki er unnt að virða framangreindar dagsetningar skal afgreiðslu hraðað sem kostur er.

3. Gr.

Sé leikskólavist heimiluð greiðir Eyja- og Miklaholtshreppur viðtökusveitarfélaginu kostnað í samræmi við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.

4. Gr.

Forráðamenn sjái ávallt um allan flutning/akstur leikskólabarns til og frá leikskóla sem að viðkomandi sækir og þann kostnað sem af því leiðir.

5. Gr.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Reglur þessar eru samþykktar af sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps þann 20. ágúst 2024.